

ART er SMART í Árneshvísi

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvísi og ART teymið hafa nú tekið höndum saman í verkefninu „*ART er SMART í Árneshvísi*“, en það felst m.a. í að efla og kynna ARTið í grunnskólum í Árneshvísi og að auðvelda kennrurum og starfsfólki skóla að nota ART með nemendum.

Af hverju er verið að fara í þetta verkefni? Svárið við þessari spurningu er margþætt og eru aðeins fjórar staðreyndir settar hér fram sem dæmi:

- 1) Sérfræðingar Skóla- og velferðarþjónustu hafa á síðustu misserum orðið sífellt meira varir við að **hegðunarerfiðleikar nemenda** séu sá hluti starfs grunnskólakennara sem veldur þeim hvað mestum áhyggjum. Það samræmist rannsókn sem Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns gerðu árið 2006 þar sem skoðað var hvað hefur mest áhrif á líðan kennara í starfi.
- 2) Könnun sem Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara gerðu meðal íslenskra grunnskólakennara gerðu árið 2012 þar sem þrjú af hverjum fjórum kennurum sögðu að álag í starfi hefði aukist mikið **vegna vaxandi hegðunarerfiðleika nemenda** og flestum fannst „**erfiðir nemendur**“ og **agavandamál** það erfiðasta við kennarastarfið.
- 3) **Erfið hegðun** og líðan nemenda eru nefnd í **64%** tilvika í tilvísunum til sálfræðinga og kennsluráðgjafa haustið 2017 hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvísi.
- 4) Frétt í Morgunblaðinu 11.12.2017.

*...Þá kemur fram hjá nefndinni að vísbendingar séu um að **hegðunarvandamál hafi aukist mjög** og **styrkja þurfi viðbragðsáætlanir vegna erfiðra** nemenda.*

Um allan heim hafa gagnreyndar rannsóknir sýnt fram á að **ART þjálfun** barna dregur úr hegðunarvanda, eflir sjálfsmynd og bætir líðan. Í ljósi þess að í öllum grunnskólum í Árneshvísi eru nú þegar ART þjálfarar að störfum þá er farið í þetta verkefni nú.

Það er ábyrgð okkar allra sem samfélagsþegar á okkar svæði að bregðast við þessari stöðu í þjóðfélaginu og er það því von okkar sem stöndum að þessu verkefni að allir starfsmenn skólanna sjái sér fært að sitja aðra hvora kynninguna.

Verkefnið felst í því að skólar geta óskað eftir tvenns konar kynningum. Allt starfsfólk skólans ætti að geta settið kynningu enda getur það skipt sköpum með árangur ART þjálfunar barnanna ef allir sem að barninu koma séu meðvitaðir um út á hvað ART þjálfunin gengur. Kynningarnar sem boðið er upp á eru eftirfarandi:

- **Upprifjun 2 klst. Fyrir starfsfólk sem er nú þegar ART þjálfarar eða hefur settið þriggja daga ART námskeið á vegum ART teymisins á Suðurlandi.**
 - Örstutt upprifjun á ART hugmyndafræðinni, farið í helstu atriði félagfærni, sjálfsstjórn og siðferði. Sýnikennsla frá ART ráðgjöfum og síðan er þátttakendum gefið tækifæri til að spyrja um efnið og fá svör við hinum ýmsu atriðum sem ART þjálfararnir eru að velta fyrir sér. Þeir einstaklingar sem hafa settið þriggja daga námskeið en ekki náð að klára geta í framhaldinu lokið því sem uppá vantar til að fá ART þjálfara réttindi.
- **Kynning 2 klst. Fyrir starfsfólk sem veit „lítið sem ekkert“ um ART.**
 - Farið verður yfir ART hugmyndafræðina, hvers vegna þetta hegðunarmótél varð til, fyrir hverja er það og hver er ágóðinn af því að þjálfra börn í ART. Farið verður í helstu atriðið félagsfærni, sjálfstjórn og siðferði. Sýnt dæmi um hefðbundinn ART tíma út frá þessum þremur þáttum og opnað svo á umræður og spurningar í lok kynningar.

Í báðum kynningunum verða sýnd tvö stutt myndbönd þar sem börn á aldrinum 4 – 15 ára segja frá því sem þau hafa lært í ART og hvernig það hefur hjálpað þeim í þeirra daglega lífi.

Skólar geta óskað eftir að fá kynningu eftirtalda fimmtudaga....fyrstur kemur – fyrstur fær!!!

- | | |
|-------------------------------|----------------------------|
| • 1. febrúar kl. 13:45-15:45 | • 1. mars kl. 13:45-15:45 |
| • 8. febrúar kl. 13:45-15:45 | • 8. mars kl. 13:45-15:45 |
| • 15. febrúar kl. 13:45-15:45 | • 15. mars kl. 13:45-15:45 |
| • 22. febrúar kl. 13:45-15:45 | |

Þegar búið er að finna hentuga dagsetningu biðjum við ykkur vinsamlegast að hafa samband við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings með því að senda tölvupóst á netfangið ritari@arnesthing.is

Við hlökkum til að koma til ykkar og eiga með ykkur skemmtilega stund.

Kær kveðja,

Hrafnhildur, Kolbrún, Sigríður, Gunnar Þór og Katrín